

**469. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, mánudaginn 2. júní 2014  
og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) varamaður, Indriði Indriðason formaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) ritari.

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir, ritari

Fjarverandi Birna Benediktsdóttir (BB) í h.s. Guðni Ólafsson (GÓ).

Oddviti (EIS) kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti (EIS) lýsti fundinn lögmætan.

Gengið til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. 1405009F - Atvinnu- og hafnarnefnd - 3**

Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.

**2. 1309109 - Umsókn um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.**

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 25.000.000 kr. til 15 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við skóla, höfn og hitaveitu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Indriða Indriðasyni, kt 180465-4489, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“  
Samþykkt samhljóða.

**3. 1403076 - Samþykkt um umgengi og þrifnað utan húss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.**

Tekin er til síðari umræðu Samþykkt um umgengi og þrifnað utan húss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.  
Sveitarstjórn staðfestir fyrir sitt leyti ofangreinda samþykkt.  
Samþykkt samhljóða,

**4. 1405018 - Ofanflóðavarnir Tálknafirði.**

Oddviti (EIS) og sveitarstjóri (II) áttu fund með umhverfisráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni og kynntu honum hugmyndir heimafólks um lausn málsins, þar sem sveitarstjórn finnst frumathugunin ganga of skammt og mörgum spurningum ósvarað, t.d. um afsetningu á 35 þúsund rúmmetrum af jökulleir og staðsetningu efnisnámu. Tillögur sveitarstjórnar verða ræddar á næsta fundi stjórnar ofanflóðasjóðs. Sveitarstjóra falið að upplýsa íbúa á C-svæði um gang mála.  
Samþykkt samhljóða.

**5. 1311042 - Niðurfelling á endurgreiðsluskyldu á Jarðhitaláni.**

Fyrir fundinum liggur bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, dags. 21.maí. Tálknafjarðarhreppur hefur óskað eftir því við orkuráð að endurgreiðsluskylda lántaka vegna láns, sem tekið var til borunar eftir heitu vatni, verði felld niður að fullu, þar sem borunin varð árangurslaus. Áður en ráðuneytið tekur ákvörðun í málinu, á grundvelli tillögu orkuráðs, hefur það óskað eftir frekari upplýsingum er málið varða og kunna að hafa áhrif á ákvarðanatöku.  
Sveitarstjóra falið að svara ráðuneytinu.  
Samþykkt samhljóða.

**6. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri þakkaði fráfarandi sveitarstjórn ánægjulegt samstarf.

Þar sem um síðasta fund sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps kjörtímabilið 2010-2014 er að ræða, vill sveitarstjórn þakka starfs- og , nefndarfólki sveitarfélagsins vel unnin störf. Íbúum er þakkað traust og samstarf. Nýkjörinni sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps 2014-2018 er óskað velfarnaðar í sínum störfum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:05.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____

